

Íþrótt- og félagsmiðstöð, Hafnargata 17

Viðbragðsáætlun vegna hættuástands

Upplýsingar eru á heimasíðu Sveitarfélagsins Voga www.vogar.is/natturuva og hjá hlutaðeigandi stofnunum sveitarfélagsins.

Helstu skref ef til rýmingar kemur:

1. Aðgerðarstjórn (lögregla) tilkynnir um hættuástand.
2. Starfsmenn íþróttamiðstöðvar sem tekur við tilkynningu aðgerðarstjórnar ræsir neyðarhnapp í vaktherbergi og gerir öðrum starfsmönnum og gestum íþróttamiðstöðvar viðvart.
3. Starfsmenn íþróttamiðstöðvar safnar saman gestum íþróttamiðstöðvar í íþróttasal.
4. Starfsmenn íþróttamiðstöðvar koma upplýsingum til gesta skv. upplýsingum frá aðgerðastjórn.
5. Starfsmenn íþróttamiðstöðvar fylgjast með rýmingarferlinu og aðstoða eftir þörfum bæði foreldra og notendur. Ekkert barn verður sent út án fylgdar foreldris/staðgengils. Þeim iðkendum sem eftir eru í íþróttahúsi er fylgt í fjöldahjálparstöð í Tjarnarsal við Stóru-Vogaskóla.
6. Á skólatíma fylgja kennarar/starfsmenn frístundar nemendum inni í sal og til skóla/leikskóla þar til foreldri eða staðgengill sækir nemanda í skóla/leikskóla. Nemendur fá ekki að fara úr húsi einir.
7. Starfsmenn íþróttamiðstöðvar fara síðastir úr húsi og ganga úr skugga um að allir séu farnir út, gluggar og hurðir lokaðar, útidyr læstar. Að lokum eru upplýsingar veittar til aðgerðarstjórnar um rýmingu félagsmiðstöðvar annarsvegar og íþróttahúss hins vegar.
8. Foreldrar verða að gera ráð fyrir miklu umferðarálagi í Vogum og þá sérstaklega við íþróttamiðstöð komi til rýmingar. Viðbragðsaðilar koma til með að aðstoða við umferðarstýringu.
9. Fjöldahjálparstöð er í Tjarnarsal við Stóru-Vogaskóla. Þeir sem eiga ekki bíl eða þurfa aðstoð á einn eða annan hátt úr bænum fara þangað. Ef þörf er á aðstoð er hringt í 112. Mikilvægt er að þeir sem ekki fara í fjöldahjálparstöð á leið úr bænum hringi í 1717.

Yfirvegum og ró er mikilvæg.

Útgönguleiðir – Hafnargata 17:



